

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Síldarvinnslan Helguvík Helguvík



<b>Dags eftirlits</b>	19.9.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Ólafur Kristinn
<b>Fyrirtæki</b>	Síldarvinnslan Helguvík	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Stakksbraut 5	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5702697479	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Eggert Einarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	326111,902 396024,62

### Niðurstaða eftirlits

Eitt frávík frá starfsleyfi kom fram við eftirlit. Frárennslismælingum frá vinnslunni hafði ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar þegar eftirlit fór fram en voru sendar stofnuninni nokkrum dögum síðar en þær voru ófullnægjandi miðað við það sem farið er fram á í greinum 9.8, 9.9 og 9.10 í starfsleyfi.

### Umfang eftirlits

Verksmiðjan var ekki í gangi og því var aðeins farið stutt í verksmiðjuna en aðallega fundað með rekstraraðila.

Á fundinum var rekstraraðila bent á að undanþága frá starfsleyfi verksmiðjunnar væri runnið út, rann út 1. september sl. Þeir geta þó haldið áfram rekstri skv. gildandi starfsleyfi þar til 1. febrúar 2014 ef framleiðslan fer ekki yfir 900 tonn á sólarhring.

Síðast liðin loðnuvertíð var sú besta hjá verksmiðjunni fram til þessa bæði hvað varðar móttöku hráefnis og magn afurða. Verksmiðjan reyndist mjög vel eftir þær endurbætur og nýjungar sem gerðar hafa verið á henni. Nýtingin hefur aukist verulega og orkukostnaður á hvert unnið tonn lækkað.

Fram kom á fundinum að frárennslismælingar voru gerðar en skýrsla hafði ekki borist Umhverfisstofnun. TVN skýrslum var skilað í eftirlitinu. Grænt bókhald var komið til Umhverfisstofnunar.

Frárennslismælingar bárust stofnuninni 29. september sl. en þær voru ekki fullnægjandi og ekki í samræmi við leiðbeiningar í starfsleyfi. Þess er krafist að frárennslismælingar verði endurteknar strax og vinnsla hefst aftur í verksmiðjunni og þær gerðar eins og starfsleyfið segir til um.

Skráningar (gr. 4.1 í starfsleyfi) eru færðar inn í viðhaldsbókhald, sem verksmiðjan heldur, og var farið yfir bókhaldið á tölvuskjá og engar athugasemdir gerðar við það.

Frávík frá	Lýsing á fráviki
Greinum 9.8, 9.9 og 9.10 í starfsleyfi.	Frárennslismælingum frá vinnslunni hafði ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar þegar eftirlit fór fram en voru sendar stofnuninni nokkrum dögum síðar en þær voru ófullnægjandi miðað við það sem farið er fram á í greinum 9.8, 9.9 og 9.10 í starfsleyfi.

### Athugasemdir

Skila skal TVN - skýrslum inn á rafrænu formi sem finna má á heimasíðu Umhverfisstofnunar þrisvar sinnum á ári, 1. janúar, 1. maí og 1. september.

### **Annað**

Rekstraraðili spurði hvernig gengi með gerð nýs starfsleyfis. Gildandi starfsleyfi er fullnægjandi í samræmi við vinnslu þar til næsta loðnuvertíð hefst og stefnir Umhverfisstofnun að útgáfu nýs leyfis fyrir þann tíma.

Reykjavík, 25.09.2013



Ólafur Kristinn Tryggvason

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta